

Nd.

399. Frumvarp

til laga um breytingu á lögum nr. 35, 2. nóvember 1914, um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

1. málsgrein 6. gr. laganna orðist svo:

Nú verður ágreiningur um lóðamörk, kvaðir á húseignum eða lóðum, þakrennur, ræsi, stjettir eða þesskonar, og sendir þá mælingamaður formanni merkjadóms uppdrátt af þrætulóðunum og skýrslu um það, í hverju ágreiningurinn sje fölginn. Formaður merkjadóms kveður málsaðilja síðan til þess að sækja merkjadómþing með hæfilegum fyrirvara, er venjulega sje eigi lengri en 3 sólarhringar; skal einn löggiltur stefnuvottur birta fyrirkallið. A merkjadómþingi leggja málsaðiljar fram gögn sín og leiða vitni, ef með þarf. Dómendur ganga á merki, ef þeim þykir það nauðsynlegt, áður eða eftir að vitnaleiðsla hefir farið fram.

2. gr.

1. og 2. málsgrein 7. gr. laganna orðist svo:

Dómur í merkjamáli skal upp kveðinn innan viku frá dómtöku, nema mál sje óvenjulega umfangsmikið, enda má dómsuppsögn aldrei dragast lengur en 3 vikur.

Í merkjadómi skulu lóðamerki ákveðin. Mælingamaður afmarkar síðan lóðina á uppdrættinum, eins og merkjadómur hefir ákveðið þau, og innfærir

í lóðamerkjabók. Dómsúrslit um annan ágreining samkvæmt 6. gr. skal einnig innrita í lóðamerkjabók.

3. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Þegar lokið er merkjasetningu og mælingu allra lóða og landa á kaupstaðarlóðinni, skal bæjarstjórnin láta skrásetja allar lóðir og lönd með framhaldandi númerum í bók, sem þar til er löggilt af ráðherra.

4. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Í lóðaskrána og á aðaluppdráttum skal jafnóðum rita breytingar þær, er verða á lóðum og húsum, og skipar bæjarstjórnin lóðaskrárritara til þess starfs.

Ráðherra setur reglugerð eftir tillögum bæjarstjórnar um skyldur og störf lóðaskrárritara.

5. gr.

1. málsgrein 11. gr. laganna orðist svo:

Þá er merkjastefnu er lokið, má eigi þinglýsa skjali eða skjölum um eigendaskifti að lóð eða parti úr lóð, nema mælingamaður eða lóðaskrárritari hafi ritað vottorð sitt á skjalið eða skjölin um það, að eigendaskiftanna sje getið í lóðamerkjabók eða lóðaskrá.

6. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Lóðaskrárritari lætur þeim, er þess óska, í tje staðfest eftirrit úr skránni og einnig af uppdrætti lóðarinnar. Fyrir slik eftirrit og fyrir vottorð samkvæmt 11. gr., svo og fyrir önnur störf, er lóðaskrárritari vinnur fyrir einstaka menn, skal greiða gjald í bæjarsjóð Reykjavíkur samkvæmt gjaldskrá, er ráðherra setur eftir tillögum bæjarstjórnar.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.